



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2025
USK24030096

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 19. nóvember 2025 um eftirfarandi mál:

Tillaga um bílastæðakort fyrir rekstraraðila innan gjaldsvæða bílastæðasjóðs, rekstraraðilakort

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar dags. 28. október 2025 þar sem óskað er eftir að umhverfis- og skipulagsráð samþykki reglur fyrir bílastæðakort rekstraraðila innan gjaldsvæða bílastæðasjóðs.

Samþykkt í samræmi við 2 mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.
Vísað til borgarráðs.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins samþykkja reglur um bílastæðakort fyrir rekstraraðila. Með samþykkt þessara reglna kemst loks til framkvæmdar tillaga Sjálfstæðisflokksins frá 4. október 2023 um að rekstraraðilar, sem sinna beinni og daglegri nærpjónustu við íbúa á gjaldsvæðum Bílastæðasjóðs, t.d. rekstri hverfisverslana, verði gefinn kostur á að kaupa bílastæðakort samkvæmt gjaldskrá sjóðsins. Óviðunandi er hins vegar að það skuli hafa tekið rúm tvö ár að móta reglur þar að lútandi og koma áður nefndri tillögu þar með til framkvæmdar.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Framsóknarflokksins:

Borgarfulltrúi Framsóknar styður að rekstraraðilar geti sótt um íbúakort en finnst þessi tillaga óskýr og furðuleg enda er verið með henni að skapa mikið ójafnræði á milli rekstraraðila í borginni. Í umsögn fagnar framkvæmdastjóri hjúkrunarheimilisins Grundar fyrirætlunum borgarinnar en ekki er að sjá að starfsmenn Grundar muni geta nýtt sér þessa lausn heldur einvörðungu rekstraraðilar í smásölu, gististarfsemi og veitingapjónustu. Borgarfulltrúi Framsóknar telur að útfæra þurfi þessa tillögu mun betur.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
*Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið*

Fylgiskjöl: tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar dags. 28. október 2025



Reykjavík



Reykjavík, 28. október 2025
USK24030096

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

TILLAGA

Tillaga um bílastæðakort fyrir rekstraraðila

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að meðfylgjandi reglur um bílastæðakort fyrir rekstraraðila, rekstaraðilakort.

Greinargerð:

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 25. júní síðastliðinn var samþykkt að kynna drög að reglunum sem þá lágu fyrir í samráðsgátt Reykjavíkur. Það var gert á tímabilinu 15. júlí 2025 – 15. ágúst 2025. Lagt er til að reglurnar verði samþykktar óbreyttar frá því að þær voru kynntar fyrir ráðinu 25. júní síðastliðinn.

Fjórar ábendingar bárust í samráðsgátt um drög að reglum um bílastæðakort rekstraraðila. Flestar ábendingarnar snúa ekki beint að viðkomandi drögum heldur almennt að fyrirkomalagi gjaldsvæða í borginni eða reglum um íbúakort. Ein ábending barst frá rekstaraðila þar sem óskað er eftir því að starfsfólk eða vinnuveitandi fyrir hönd starfsfólks fái að aðgang að bílastæðum á hagstæðari kjörum eða einhverskonar bílastæðakort. Tillaga um rekstaraðilakort nær ekki til slíkra tilfella og er það ekki í samræmi við markmið reglna um bílastæðakort fyrir rekstraraðila, þ.e. að stuðla að verslanarekstri inni í hverfunum og þá fyrst og fremst vegna öflunar aðfanga. Ábendingar sem bárust fylgja með hjálagt.

Tillaga um bílastæðakort fyrir rekstaraðilakort er eftirfylgni á tillögu borgarfulltrúa Samfylkingar Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna um endurskoðun á reglum um íbúakort sem samþykkt var í borgarstjórn 4. mars síðastliðinn (MSS25020116) var umhverfis- og skipulagssviði falið að gera breytingar með það fyrir sjónum að skapa aukinn sveigjanleika fyrir íbúa og rekstaraðila. Tillagan miðar að því að mæta rekstaraðilum hverfisverslana á gjaldskyldum svæðum. Hverfisverslanir og aðrir rekstraraðilar sem sinna nærþjónustu innan hverfa eru nauðsynlegur þáttur til að auðvelda íbúum að fækka bílferðum sínum. Rekstaraðilakort getur auðveldað slíkum aðilum rekstur sinn. Tillagan gerir ráð fyrir að kortin séu útfærð á svipaðan hátt og kort fyrir íbúa innan gjaldsvæða bílastæðasjóðs. Markmið korta fyrir rekstraraðila er t.d. að tryggja að hægt sé að koma með aðföng að tilteknum stað rekstraraðilans og þannig auka sveigjanleika fyrir rekstaraðila.

Tillaga um gjaldskrá er lögð sérstaklega fram en þar er lagt til að gjald fyrir rekstaraðilakort séu 20 þúsund kr. á mánuði. Það jafngildir því að greitt sé fyrir gjaldskyldu á gjaldsvæði 2 fyrir rétt rúmar þrjár klukkustundir á dag (230 kr á klst) af þeim 11-12 klst á dag sem gjaldskylda er.



Reykjavík



Litið er á reglurnar sem tilraunaverkefni. Gert er ráð fyrir að reglurnar gildi til loka árs 2027 en áður en þær renna út verði með hliðsjón af reynslunni af þeim, tekin ákvörðun um hvort þær skulu endurnýjaðar eða aflagðar.

Verði reglurnar samþykktar er óskað eftir því að málið sé sent áfram til afgreiðslu borgarráðs til endanlegrar afgreiðslu og viðeigandi birtingar í Stjórnartíðindum.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri

Hjálagt: Reglur um bílastæðakort fyrir rekstraraðila í Reykjavíkurborg
Ábendingar sem bárust í gegnum samráðsvef Reykjavíkurborgar

Reglur um bílastæðakort fyrir rekstraraðila í Reykjavík.

Númer XXX/2025

1. gr. Rekstraraðilakort.

Reykjavíkurborg, bílastæðasjóður gefur út bílastæðakort, hér eftir nefnd rekstraraðilakort, til aðila með rekstur á gjaldskyldu svæði innan Reykjavíkur, í samræmi við nánari skilyrði í 2. gr. Rekstraraðili skal starfrækja starfsemi skv. atvinnugreinaflokkun ÍSAT 2008 nr. 47 eða 56.

Rekstraraðilakort veitir heimild til að leggja bifreið án endurgjalds í gjaldskylda stöðureiti innan gildissvæðis íbúakorts eins og það er skilgreint og með þeim takmörkunum sem um það gilda á hverjum tíma skv. reglum um bílastæðakort íbúa, íbúakort, að undanskildu gjaldsvæði 1 þar sem það gildir ekki. Greitt er fyrir rekstraraðilakort í samræmi við gjaldskrá hverju sinni.

2. gr. Skilyrði

Aðeins er heimilt að gefa út rekstraraðilakort til rekstraraðila sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- Rekstraraðili skal starfrækja starfsemi skv. atvinnugreinaflokkun ÍSAT 2008 nr. 47 eða 56 innan gildissvæðis íbúakorts eins og það er skilgreint og með þeim takmörkunum sem um það gilda á hverjum tíma skv. reglum um íbúakort, að undanskildu gjaldsvæði 1.
- Húsnæði rekstraraðila má ekki fylgja réttur til notkunar á bílastæði innan lóðar, hvort heldur til einkanota eða í sameign, samkvæmt deiliskipulagi, lóðarleigusamningi, mæliblaði, lóðarupprætti, staðfestri eignaskiptayfirlýsingu eða skráningu í fasteignaskrá, sbr. reglur um íbúakort.
- Umsækjandi skal vera eigandi rekstursins og húsnæðis þess, eða hafa skriflega heimild frá eiganda þess til að sækja um rekstraraðilakort.
- Umsækjandi skal vera skráður eigandi eða umráðamaður ökutækis samkvæmt 4. gr., sbr. 37. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ökutæki skal bera gild íslensk skráningarmerki og skal vera heimilt að leggja á götum og almenningsbifreiðastæðum samkvæmt ákvæðum umferðarlaga og lögreglusamþykktar.
- Umsækjandi skal ekki vera í skuld við Bílastæðasjóð Reykjavíkur sem komin er til milliinnheimtu eða löginnheimtu og skal hafa að fullu greitt öll bílastæðakortagjöld frá fyrri tímabilum.

Einungis er heimilt að gefa út eitt rekstraraðilakort vegna hvers reksturs sem uppfyllir ofangreind skilyrði.

3. gr. Gildissvæði.

Hvert rekstraraðilakort gildir innan þess íbúakortasvæðis sem viðkomandi rekstur er staðsettur í, eins og það er skilgreint á hverjum tíma sbr. reglur um íbúakort, og birt á heimasíðu Reykjavíkurborgar, sbr. þó 2. og 3. mgr.

Rekstur staðsettur innan gjaldsvæðis 1 getur ekki fengið úthlutað rekstraraðilakorti.

Handhafar rekstraraðilakorts hafa ekki heimild til að leggja gjaldfrjálst innan gjaldsvæðis 1.

Reykjavíkurborg, bílastæðasjóður skal á vefsíðu sinni birta yfirlitsmynd yfir gildissvæði íbúakorta

4. gr. Umsókn um rekstraraðilakort.

Sækja skal um rekstraraðilakort með rafrænum hætti á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

Ef umsækjandi er ekki eigandi reksturs og húsnæðis samkvæmt 2. gr., skal undirritað samþykki eiganda fylgja með umsókn.

Reykjavíkurborg, bílastæðasjóður aflar annarra nauðsynlegra upplýsinga frá umsækjanda og úr opinberum skrám, svo sem þjóðskrá, fasteignaskrá og ökutækjaskrá, eftir því sem við á og í samræmi við gildandi lög.

Úthluta skal umsækjanda korti fyrir það gildissvæði þar sem rekstur hans er. Ef rekstur umsækjanda er á mörkum tveggja gildissvæða er honum heimilt að velja á hvoru svæðanna rekstraraðilakortið gildir.

5. gr. Gildistími og notkun.

Rekstraraðilakort skulu gefin út með rafrænum hætti til að hámarki eins árs í senn, en þó aldrei lengur en heimild frá eiganda rekstur og húsnæðis ber með sér.

Rekstraraðilakort verður óvirkt þegar skilyrði fyrir útgáfu þess eru ekki lengur uppfyllt. Handhafa rekstraraðilakorts ber að tilkynna Reykjavíkurborg, bílastæðasjóði, ef skilyrði fyrir útgáfu kortsins eru ekki lengur uppfyllt vegna breyttra aðstæðna korthafa, svo sem vegna flutnings á starfssemi, sölu ökutækis eða annarra sambærilegra atvika.

6. gr. Gjaldtaka.

Fyrir útgáfu, breytingar og endurnýjun á rekstraraðilakorti skal greiða gjald samkvæmt auglýstri gjaldskrá. Gjaldið skal greitt þegar umsókn hefur verið samþykkt. Rekstraraðilakort er ekki virkjað fyrr en Reykjavíkurborg hefur mótttekið greiðsluna.

7. gr. Ógilding.

Reykjavíkurborg, bílastæðasjóði er heimilt að ógilda rekstraraðilakort ef handhafi verður uppvís að misnotkun kortsins. Reykjavíkurborg, bílastæðasjóður getur einnig ógilt rekstraraðilakort ef sjóðnum verður kunnugt um að skilyrði fyrir veitingu rekstraraðilakorts eru ekki lengur uppfyllt, án þess að handhafi kortsins hafi tilkynnt um það í samræmi við 5. gr. Handhafi korts sem hefur verið ógilt í samræmi við ákvæði þetta getur ekki fengið útgefið nýtt kort í tvö ár frá ógildingu útgefins korts.

Ef mánaðarlegar greiðslur eru ekki inntar af hendi er Reykjavíkurborg, bílastæðasjóði heimilt að fella rekstraraðilakort úr gildi.

Reykjavíkurborg skal tilkynna handhafa rekstraraðilakorts um ógildingu korts samkvæmt ofangreindu.

8. gr. Gildistaka og lagastoð.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, voru samþykktar á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann XX XX 2025 og á fundi borgarráðs þann XX XX 2025 taka gildi við birtingu. Reglur þessar eru tímabundnar og gilda til 31. desember 2027.

Borgarstjórinn í Reykjavík, XXXXX

Álit úr samráðsgátt vegna Rekstraraðilakort USK24030096

1.

Ég er viss um að þeir sem þurfa afnot af sérmerkt bílastæði borgarinnar (fyrir fatlaða) eru örugglega tilbúnir að greið fyrir "sérmerkt kort" sem væri sambærilegt og fyrir "íbúðarkort" fyrir afnot af sérmerktum bílastæðum borgarinnar! Bryndís D Björgvinsdóttir

2.

Hæhæ,ég er að leigja hæð fyrir hönnun- og myndlistartengda starfssemi á Ægisgötu. Leigan er rúmlega hálf milljón á mánuði og síðan ég hóf að leigja árið 2022 eru allar götur í kring gjaldskyldar í P2 til kl 21 á kvöldin. Ég átta mig á því að það þurfi að sporna við að ferðamenn leggi bílaleigubílum í íbúðarhverfi, en fyrir starfssemi að þessu tagi er þungur róður að þurfa að borga í svo dýrt bílastæði allan daginn.Ég tel að P3 væri mun eðlilegri gjaldskylda á þessum slóðum.Kveðja,Þórdís Erla Zoëga

3.

I am an owner of an apartment in Hverfisgata. Me and my family use the home during the year for holidays and pay all municipal taxes but since we use rental cars when we come we are not allowed to request a parking space. We think it should be a system where we should be able to request the permit not linked to an specific license plate as it makes it unfair for owners like us which I guess are not many. Raquel Beatriz Agrella Galvan



Grund 15. ágúst 2025

Bílastæðasjóður Reykjavíkur

Reykjavíkurborg

Í febrúar 2023 sendi Grund bréf til Reykjavíkurborgar varðandi bílastæði og gjaldtöku í nágrenni heimilisins.

Starfsfólk okkar notar oft almenningssamgöngur en ekki hafa allir tök á því. Það hefur komið mjög illa við starfsfólk sem kemur á bíl að þurfa nú að borga fullt gjald í stöðumæli þegar það mætir til vinnu.

Þetta er grafalvarleg staða fyrir Grund þar sem einhverjir starfsmenn hafa íhugað og jafnvel hætt störfum vegna þessa aukakostnaðar. Það er ekki alltaf auðvelt að fá fólk til starfa við umönnun.

Það var því talsverður léttir að sjá frétt þess efnis að Reykjavíkurborg hefði uppi áform um að taka í notkun bílastæðakort fyrir rekstraraðila í Reykjavík.

Hér með er Reykjavíkurborg þakkað fyrir að áforma að taka upp bílastæðakort fyrir rekstraraðila hjá borginni. Jafnframt er formlegri beiðni komið á framfæri um bílastæðakort sem starfsfólk gæti notað þegar það þarf að koma á bíl og sinnir heimilisfólki Grundar og aðstoðar það við að lifa lífi sínu með reisn.

Með bestu kveðju

Guðbjörg R. Guðmundsdóttir
Verkefnastjóri